

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015,
Framnesvegur í Reykjanesbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. maí 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því skilgreint er nýtt 1,2 ha blandað íbúðar-, verslunar- og þjónustusvæði við Framnesveg í Reykjanesbæ. Við það fellur út 0,18 ha stofnanasvæði (S9), 0,07 ha íbúðarsvæði og 0,68 ha athafnasvæði. Íbúðarsvæði um 0,2 ha við suðurhluta skipulagsreits breytist í athafnasvæði og bætist við núverandi athafnasvæði.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. maí 2008.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.